

23
31. maí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og má ekki taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja um dæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa, og afhenda honum það.

Atvinnumálaráðherra löggildir skoðunarmann eða skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu og er heimilt að löggilda skoðunarmann í hverju öðru umdæmi, þar sem bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir bifreiðarstjórar, er rjett hafa til að stýra leigubifreiðum til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðru hverju, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða allar bifreiðar í umdæminu og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Skoðunarovttorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun. Í skoðunarovttorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga. Bifreiðareigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og gengur sú upphæð til skoðunarmanna, þar sem þeir eru, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Atvinnumálaráðherra gefur skoðunarmanni erindisbrjef, sem ákveður nánar um valdsvið hans og skyldur.

Lögreglustjóri getur, hve nær sem ástæða er til, látið fara fram **23**
 nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það í ljós, að hún full- 31. maí
 nægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað
 notkun bifreiðarinnar og tekið merki af henni.

2. gr.

Tölunum í 1. málsg. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir „3000 kr.“ komi: 10000 kr., í staðinn fyrir „1000
 kr.“ komi: 3500 kr., og í staðinn fyrir „1500 kr.“ komi: 5000 kr.

Aftan við málsgreinina bætist:

Tryggingarupphæð hvers einstaks bifreiðareiganda eða fjelags
 þarf þó ekki að vera hærri en 45000 kr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

rannsókn banameina og kenslu í meina- og líffærafræði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
 merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
 Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-
 fest þau með samþykki Voru:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að sjerfræðingur skuli rann-
 saka banamein sjúklinga, sem deyrja í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur, og